

Akurskjól

Börnin í Akurskjóli velja yfirleitt náttfataball þegar þau fá frjálst val á föstudögum. Þá mæta allir í sínum fínustu náttfötum. Bangsi fær að vera með og hafa allir gaman saman.



Á öskudaginn fórum við í salinn og slógum köttinn úr tunnunni (kassanum) eins og sjá má á þessum myndum vantaði ekki einbeitinguna hjá börnunum þegar "tunnan" var slegin.

Skartgripagerð hefur verið að ryðja sér til rúms hjá okkur og þá jafnt hjá stelpum sem stráku. Hver veit nema þarna séu okkar framtíðar gullsmiðir á ferð?



Kaplakubbar



Nemendur í Kiðlingum voru í hringekju í vikunni. Þar fengu þeir að nota kaplakubba og byggðu virki með 555 kubbum. Glæsilegt hjá þeim.



Páskafrí

Páskafrí hefst mánudaginn 17. mars. Fyrsti skóladagur eftir páskafrí er miðvikudagurinn 26. mars og þá hefst kennsla skv. stundatöflu. Starfsdagur er þriðjudaginn 8. apríl.


Sparisjóðurinn í Keflavík

Öskudagurinn

Öskudagurinn var miðvikudaginn 6 apríl síðastliðinn. Hefðbundin kennsla var í fyrsta tíma, þá tók við marsering og svo ýmsar stöðvar s.s. öskupokagerð, andlistmálning, hárgreiðsla, kórónugerð og leikjastöð. Síðan fóru nemendur á öskudagsflakk og sungu til að fá nammi í poka




Byrjendalæsi

Í vetur tekur Akurskóli þátt í þróunarverkefni á vegum Skólapróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Það kallast Byrjendalæsi og er markmiðið með því að þróa vinnubrögð í lestrarkennslu í 1. og 2. bekk með það fyrir augum að auka lestrarfærni nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur læri að lesa út frá merkingarbærum textum þar sem jöfnum höndum verður lögð áhersla á talmál og reynslu barnanna og textavinnu, samband stafs og hljóðs og sundurgreinandi og samtengjandi aðferðir. Jafnframt er lögð áhersla á aukinn orðaforða, lesskilning og ritun. Vinnubrögðin kalla á samvinnu nemenda og hafa þeir mjög gaman af eins og sjá má á þessum myndum.



Laxar, Silungar, Urriðar

Nemendur í löxum, silungum og urriðum kláruðu námsmarkmiðin og fengu af því tilefni umbun. Þeir fengu að mæta í náttfötum, með sængur og bangsa til að koma sér vel fyrir og svo var horft á bíómynd á ensku.



Reykir

Mánudaginn 21. janúar fóru nemendur í 7. bekk í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði og dvöldu þar í fimm daga. Nemendur voru komnir að Reykjum rétt eftir hádegi á mánudeginum. Þá var nemendum skipt í hópa sem fóru á ýmsar stöðvar alla vikuna, sem voru m.a. náttúrufræðistöð, íþróttastöð, byggðar-safn og stöðvaleikur. Á hverju kvöldi var kvöldvaka þar sem nemendur komu með skemmtiatriði, söng, leiki og ýmislegt skemmtilegt.

Nemendur 7. bekkjar seldu klósettpappír til að fjármagna ferð sína. Heimleiðin reyndist þeim svolítið erfið þar sem óveður var þennan dag en nemendurnir komu síðan heim á föstudagskvöldið eftir skemmtilega viku.



Þrif á Kópu

Nemendur í 1.- 2. bekk ákváðu að breyta til og löbbuðu saman í víkina Kópu, sem Akurskóli er með í fóstri. Nemendur hreinsuðu Kópu og skoðuðuð sig um. Þeir sáu sel sem var alltaf að koma upp með hausinn og vakti það mikla athygli barnanna.



Nýir starfsmenn

Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarskólastjóri í stað Drafnar. Við bjóðum Guðlaugu velkomna til starfa. Guðlaug er leik- og grunnskólakennari að mennt og er að leggja lokahönd á meistaranám í uppeldis og kennslufræði við Kennaraháskóla Íslands. Dís Edwald tók við umsjónarkennslu hjá Urriðum af Maríu Önnu og Gunnlaug Olsen tók við nýbúakennslu af Dröfn. Sigríður Valsdóttir kom til starfa í desember, hún er stuðningsfulltrúi hjá 1. og 2. bekk og starfar einnig í frístundaskólanum eftir hádegi. Sigríður Sesselja hefur verið ráðin stuðningsfulltrúi hjá 5.-6. bekk. Einnig gekk til liðs við okkur Aðalheiður Hanna, hún sinnir kennslu ásamt Jóhönnu og Herborgu í 3.-4. bekk. Við bjóðum nýja starfsfólkið velkomið til starfa.

Krakkarnir í hverfinu

Þann 5. febrúar kom Hallveig Thorlacius með brúðuleiksýningu á vegum Blátt áfram. Sýningin nefnist krakkarnir í hverfinu og er leikpáttur þar sem eins metra háar brúður eru notaðar til að tala við börn um hluti sem skipta börn máli. Þessi sýning var fyrir nemendur í 3.-4. bekk. Blátt áfram vonar að þetta efni stuðli að frekari skilningi barna og unglinga á kynferðislegu ofbeldi.

Myndir af félagsstarfi

Kiðlingar og Kópar héldu sitt langþráða bekkjarkvöld með miklum stæl. Nemendur mættu í sínu fínasta þússi og skemmtu sér vel.



Skildi þetta vera röðin í sjoppuna???

Bekkjarkvöld 5. og 6. bekkjar
Frábært framtak hjá bekkjafulltrúum
Silunga, Laxa og Urriða en þeir héldu
spilakvöld fyrir hópana og var ekki
annað að sjá en allir hefðu skemmt sér
vel.



Pizzakvöld hjá 7. og 8. bekk



Pizzan tilbúin og allir orðnir svangir.

Hvar ætli Ljósbrá hafi lært þessa
pizzutakta??

Ekki vantaði kræsingarnar á
borðum þetta kvöld.



Árshátíð Akurskóla

Árshátíðin verður haldin föstudaginn 7. mars. Í ár verður hún tvískipt 1.-4. verður frá 15-16:30 og 5.-8. bekkur verður frá 17-19. Þemað í ár er ævintýri. Þetta árið mæta strákarnir með gos og stelpurnar með kökur. Nemendur eru nú þegar farnir að æfa skemmtiatriði og er mikil spenna fyrir árshátíðina.

Merkja allan fatnað

Okkur langar að minna á endurskinsmerkin. Nú er enn mikið myrkur þegar við göngum í skólann á morgnana og oft erfitt að sjá nemendur á gangi, sérstaklega þau sem eru klædd dökkum fötum. Einnig er mikilvægt að merkja fót nemenda þar sem mikið safnast upp af óskilafatnaði.

Veikindi/leyfi

Kæru foreldrar og forráðamenn okkur langar að minna á að þegar börn ykkar eru veik þarf að tilkynna veikindi samdægurs og fyrir hvern dag. Þegar sækja þarf um leyfi fyrir einn dag er talað við umsjónarkennara eða ritara. Ef um lengra leyfi er að ræða þarf að sækja um það skriflega til skólustjóra.

Kornið

Fréttabréf Akurskóla

Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir

Akurskóli
Tjarnabraut 5
S: 420 4550 Fax: 420 4551
www.akurskoli.is
akurskoli@akurskoli.is